



Skólanefnd kom saman til fundar miðvikudaginn 13.október 2021 kl.12.30
Byrjað var á því að borða saman hádegisverð.

Dagskrá;

1. Skólahald haustannar
 - Nemendatölur
 - Mannahald
2. Vinnustaðanámssamningar
3. Húsnæðismál
4. Fjármál
5. Önnur mál

Afgreiðslur: Sigurjón Rafnsson formaður setti fundinn og bauð alla velkomna.

1.Þorkell fór yfir nemendatölur og hann segir að önnin hafið farið vel af stað fjöldi nýrra nemenda sé 140 í dagskóla á haustönn 2021, 83 beint úr grunnskóla og 21 yngri en 18 ára og 36 eldri.

Sjúkraliðabrautin er fjölmennasta brautin í skólanum með 109 nemendur Fjölgreinabraut er stærsta stútentabrautin með 95 memendur en nemendur á stútentabrautum er alls 221, Nemendur á iðnbrautum eru samtals 185 og eru rafvirkjun og húsasmiði fjölmennustu iðnbrautirnar.

Mannabreytingar: Ingileif fór yfir mannahald.

Nú starfa 70 starfsmenn við skólann. Á vorönn 2021 voru starfandi 66 starfsmenn við skólann.

2. Nú er framhaldskólinn ábyrgur fyrir námssamningi nemenda.
3. Húsnæðismál: Sigurjón Rafnsson fór yfir stöðu húsnæðismála við skólann.
4. Fjármál: Guðrún Ottósdóttir fór yfir fjármál og sagði að fyrstu 9 mánuði ársins hafi skólinn verið innan fjárheimilda, þrátt fyrir aukningu í starfsmannahaldi .Verið er að fara að vinna í áætlun næsta árs biðum við eftir nýjum fjárlögum.



5. Önnur mál: Ingileif sagði frá því að það væri að komast á skrið með ÍSÓ og vonandi væri hægt að ljúka þessari gæðavottun eftir þennan vetur. Breytingar verða á innheimtukerfi skólans þær fara í gegnum TBR innheimtukerfi ríkisins. Komnir eru nýjir rafrænir ráðningasamningar. Vel var tekið undir þessar nýjungar. Sigurlaug sagði frá foreldraráðinu og sagði að það væri búið að gera áætlun fyrir veturinn.

Sigurjón formaður þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi.

Alda S. Kristinsdóttir Fundarritari
Aðalheiður Reynirsdóttir
Sigurjón Rafnsson
Ingileif Oddsdóttir
Ásta Pálmadóttir
Einar E Einarsson
Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir
Þorkell Þorsteinsson
Guðrún Ottósdóttir